



## Fundargerð

1287. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjárfundur  
24. september 2020, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Fundargerð verkefnastjórnar Stapaskóla 22. september 2020 (2019110200)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Gróa Axelsdóttir skólastjóri Stapaskóla mættu á fundinn. Lagt fram minnisblað um stöðu á framkvæmdum. Bæjarráð lýsir yfir miklum áhyggjum á seinkun framkvæmda við Stapaskóla.

### **2. Viljayfirlýsing um sköpun starfa á Suðurnesjum (2020040083)**

Viljayfirlýsing um sköpun starfa á Suðurnesjum lögð fram.

### **3. Jafnvægisvogin (2020090356)**

Bæjarráð lýsir yfir vilja til að sveitarfélagið Reykjanesbær verði þátttakandi í Jafnvægisvoginni með það markmið að vinna markvisst að því næstu fimm árin að jafna hlut kynja í efsta lagi stjórnunar. Bæjarstjóra falið að undirrita viljayfirlýsinguna.

### **4. Aðstaða Ungmennafélags Njarðvíkur við Afreksbraut (2019050297)**

Lagt fram bréf frá stjórn UMFN um aðstöðu við Afreksbraut.

### **5. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði – áskorun Félags atvinnurekenda (2020090346)**

Lagt fram erindi frá Félagi atvinnurekenda. Bæjarráð hefur nú þegar tekið ákvörðun um lækkun fasteignaskatts C -stofns atvinnuhúsnæðis úr 1,6% í 1,55% sem hefur í för með sér lækkun tekna sveitarfélagsins úr 941 milljónum í 911 milljónir. Þetta er annað árið í röð sem Reykjanesbær lækkar álagningarstuðul fasteignaskatts.

### **6. Uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 (2020040083)**

Lögð fram stöðuskýrsla frá Félagsmálaráðuneytinu um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.



#### **7. Betri Reykjanesbær (2019100329)**

Lagðar fram tillögur að breyttu verklagi að vinnslu verkefna af vefnum Betri Reykjanesbær. Bæjarráð samþykkir framkomnar tillögur og vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2021.

#### **8. Tilnefning í samstarfshóp um samfélagsrannsóknir (2019090706)**

Bæjarráð tilnefnir Halldóru G. Jónsdóttur, aðstoðarmann bæjarstjóra í samstarfshóp um rannsóknir á samfélagsþróun Suðurnesja. Hilma H. Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmenningar er nú þegar í hópnum.

#### **9. Bálskýli við Seltjörn (2020090257)**

Bæjarráð fellst á framkomna hugmynd fyrir sitt leyti og vísar málinu til rafræns aukafundar bæjarstjórnar, sem haldinn verður þriðjudaginn 29. september kl. 17, til endanlegrar samþykktar.

#### **10. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. september 2020 (2020010217)**

Fundargerð lögð fram.

#### **11. Fundargerðir neyðarstjórnar 17. og 22. september 2020 (2020030192)**

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.